

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjöf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra, 8. júlí 1935. Skipulagsskráin er þannig:** **79**
8. júlí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjöf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Gjöf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930, og er hann stofnaður með kr. 13729.90, er tóð nefnd Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi hefir gefið Háskóla Íslands.

2. gr.

Háskólaráðið hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal það sjá um, að hann sé ávaxtaður í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða jarðræktarbréfum. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í árbók háskólans, og skal reikningsár sjóðsins vera almanaksárið.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal jafnan ár hvert leggja að minnsta kosti $\frac{1}{4}$ hluta af tekjum sjóðsins við höfuðstól hans.

Þeim hluta af tekjum sjóðsins, sem eigi skal lagður við höfuðstól hans samkvæmt framansögðu, skal verja til að efla andlegt samband milli Íslendinga austan hafs og vestan og enskumælandi þjóða, svo sem með því, að styrkja námsmenn frá þeim til náms hér eða íslenzka námsmenn til náms þar, með því að fá hingað menntamenn af þeim þjóðum til fyrirlestrahalds eða senda fyrirlesara héðan til fyrirlestrahalds þar, eða með því að styrkja útgáfu rita, sem verða mega þessu sambandi til eflingar.

4. gr.

Háskólaráðið ræður úthlutun fjár úr sjóðnum. Heimilt er að leggja saman og úthluta í einu tekjum fleiri ára en eins, ef slíkt þykir hagkvæmt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og skal færa í hana ársreikning sjóðsins. Ennfremur ber stjórn sjóðsins að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum og styrkveitingar og annað, sem varðar hag og starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.